

Nd.

402. Frumvarp til laga

[139. mál]

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. marz.)

Samhljóða þskj. 375 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- A. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er beinlínis stafa af atvinnu eða öflun tekna, svo og fyrningu, sbr. 15. gr., aðstöðugjald og það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum. Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingafé, og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.
- B. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það árið kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, sem greiðsla átti sér stað.
Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið fyrir ráðstafanir hins opinbera.
- C. Frá embættistekjum skal daga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmaeltar kvaðir, er á embættinu hvíla.

13. gr. hljóðar svo:

Frá tekjum skal enn draga, áður en skattur er á þær lagður:

- A. Kostnað við stofnun heimilis. Skal hann dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 20000 kr. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.
- B. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.
- C. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, atvinnuleysissjóða, þó ekki umfram 5% — fimm af hundraði — af hreinum tekjum einstaklinga. Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5% — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna.
- D. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri

upphæð en 10000 kr. á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslu til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi, sem því nemur, og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyrstrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið áráðil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár (annuitetstrygging).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyrstryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkv. lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyrstryggingu dragist frá tekjum samkv. framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar meðal annars fyrir mæli um vörzlu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfsemi.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærri iðgjald en 4000 kr. Fyrir þá, sem eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum, má þó frádráttur nema allt að 6000 kr.

- E. Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum.

22. gr. hljóðar svo:

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

- A. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.
- B. Búþening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattanevnd ákveður til 1 árs í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts síðastliðið ár.
- C. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söliverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
- D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.
- E. Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söliverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

- F. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.
- G. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.
- H. Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum þeim eignarhluta á nýja matsverðinu, er

svarar til þess árafjölda, sem liðinn er af áætluðum endingartíma, sbr. 15. gr. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd matsins.

28. gr. hljóðar svo:

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík.
 2. Vesturlandsumdæmi, sem nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
 3. Vestfjarðaumdæmi, sem nær yfir Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað svo og Strandasýslu.
 4. Norðurlandsumdæmi vestra, sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
 5. Norðurlandsumdæmi eystra, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
 6. Austurlandsumdæmi, sem nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
 7. Suðurlandsumdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
 8. Vestmannaeyjakaupstaður.
 9. Reykjanesumdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kópavogskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.
- Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur og fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. málgr. segir.

33. gr. hljóðar svo:

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kærur, ef það mál varðar hann sjálfan, konu hans, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini, fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geli eigi litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í ríkisskattanevnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

Fyrirsögn VI. kafla hljóðar svo:

Um framtöl, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

52. gr. hljóðar svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef veikindi, slys, mannslát eða skuldatöp hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna, eldri en 16 ára.
3. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Nú fellst skattstjóri á umsókn framfæranda, og skal hann þá eiga rétt á tvöföldum barnafrádrætti vegna barna þessara, sbr. 16. gr.
4. Ef skattþegn hefur töreltra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, má veita sama frádrátt og fyrir börn.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun samkvæmt þessari grein. Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkunum samkvæmt þessari grein og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

55. gr. hljóðar svo:

Ákvæði I., II., III., IV. og VIII. kafla laga þessara, svo og 31. gr., taka gildi þegar í stað, að frásildum ákvæðum 52. og 53. gr., og skal ákveða skatta af tekjum og eignum ársins 1961 samkvæmt því. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði I., II., III., VII. og VIII. kafla laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, að frásildri 62. gr., ásamt breytingarlögum nr. 36/1958, 40/1959 og 18/1960, og einnig falla þá úr gildi lög nr. 59/1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, og lög nr. 33/1960, um breyting á þeim lögum. Enn fremur falla úr gildi frá sama tíma öll önnur laga-fyrirmæli, er fara í bága við greind ákvæði laga þessara.

Ákvæði V., VI. og VII. kafla svo og ákvæði 52. og 53. gr. laga þessara taka gildi 1. okt. 1962, og frá sama tíma falla úr gildi ákvæði IV., V. og VI. kafla og 62. gr. laga nr. 46/1954, svo og öll önnur lagafyrirmæli, sem fara í bága við greind ákvæði laga þessara. Falla þá niður umboð allra skattanefnda og ríkisskattanefndar.

Reglugerðir um tekju- og eignarskatt, sem settar hafa verið samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, unz ný reglugerðarákvæði hafa verið sett.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirsattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt lögum eða reglugerðum, og skulu þá skattstjórar þeir, sem skipaðir verða eftir lögum þessum, leysa þau störf af hendi, unz öðruvísi verður ákveðið.